

## FRÁSÖGN

af ársfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Berlín 7.–11. júlí 2018.

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Gunnar Bragi Sveinsson, formaður, Bryndís Haraldsdóttir, varaformaður, og Guðmundur Andri Thorsson, auk Bylgju Árnadóttur alþjóðaritarar. Fundinn sóttu um 300 þingmenn frá ríkjum í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu en yfirskrift fundarins var *Hlutverk þjóðþinga við innleiðingu skuldbindinga ÖSE-samstarfsins*. Meginviðfangsefni fundarins voru átök í Úkraínu og í Nagorno-Karabakh, mannréttindabrot í Rússlandi, málefni barna á flóttu og barátta gegn kynbundnu ofbeldi.

Málefnanefndirnar þrjár tóku fyrir fram ákveðin mál til umfjöllunar með áherslu á yfirskrift ársfundarins. Gunnar Bragi Sveinsson tók þátt í störfum 1. nefndar um stjórnsmál og öryggismál. Í ályktun nefndarinnar er ítrekað mikilvægi þess að aðildarríkin virði grundvallarreglur alþjóðalaga, mannréttindi og réttarríkið. Sérstaklega þurfi aðilar að átökum að axla aukna ábyrgð á að leysa átök í Úkraínu, Nagorno-Karabakh, Georgíu og Moldóvu. Þingið ítrekar afstöðu sína til átakanna í Úkraínu og kallar eftir friðarviðræðum sem byggðar verði á Minsk-samkomulaginu og jafnframt eftir því að rússnesk stjórnvöld láti af hendi Krímskaga. Þá fagnar þingið þeim áfanga sem náðst hefur í viðræðum um átökin um Transnístríu-svæðið í Moldóvu og hvetur átakaaðila til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt friðarviðræðunum. Kallað er eftir aðgerðum til að auka netöryggi milli ríkja og þróun bindandi alþjóðlegra sáttmála um málefnið til að koma í veg fyrir átök vegna notkunar upplýsingatækni. Aðildarríki ÖSE eru einnig hvött til þess að skuldbinda sig til að fækka kjarnorkuvopnum og innleiða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1540 um að koma í veg fyrir fjölgun kjarnavopna. Loks eru þjóðþing aðildarríkjanna hvött til að sinna eftirliti með herjum, öryggissveitum og leyniþjónustustofnunum í eigin löndum og tryggja að þessar stofnanir virði mannréttindi og starfi í samræmi við lög og reglur.

Bryndís Haraldsdóttir tók þátt í störfum 2. nefndar um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál. Í ályktun nefndarinnar er ítrekað að orkuöryggi sé forsenda hagvaxtar og stöðugleika og að nauðsynlegt sé að auka notkun endurnýjanlegra og sjálfbærra orkugjafa. Þingið ályktar að loftslagsbreytingar skapi brýna ógn við öryggi ÖSE-ríkja. Þingið fagnar þátttöku landa í Parísarsamkomulaginu og yfirlýsingu fjölda borgarstjóra og ríkisstjóra í Bandaríkjunum um áframhaldandi stuðning við samkomulagið, þrátt fyrir ákvörðun Trump Bandaríkjaforseta um að draga landið út úr samkomulaginu. Aðildarríki ÖSE eru hvött til þess að vinna gegn spillingu og til þess að leggja áherslu á gagnsæi varðandi raunverulegt eignarhald fyrirtækja (e. *beneficial ownership*) í þeim tilgangi. Kallað er eftir umhverfisvænum stjórnarháttum og bent á að ný tækni, stafræna hagkerfið og vísindi gegni mikilvægu hlutverki við að leysa þann vanda sem umhverfið stendur frammi fyrir. ÖSE-ríki eru hvött til þess að greina og takast á við orsakir þess að fólk neyðist til að flýja heimili sín og til þess að vinna saman að því að takast á við fólksflutninga.

Guðmundur Andri Thorsson tók þátt í störfum 3. nefndar um lýðræðis- og mannréttindamál. Í ályktun nefndarinnar er lýst yfir áhyggjum af stöðu mannréttinda á ÖSE-svæðinu undanfarið ár og minnt á skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt Helsinki-lokagerðinni. Þingið ályktar enn fremur að þjóðþing aðildarríkjanna hafi ekki sinnt skyldu sinni sem eftirlitsaðili með því að aðildarríki ÖSE uppfylli skuldbindingar sínar. Þá fordæmir þingið að aðildarríki ÖSE fari á svig við lýðræði, mannréttindi og réttarríkið í skjóli yfirlýsts neyðarástands. Lýst var vonbrigðum yfir því að yfirlýsing um neyðarástand í Tyrklandi væri enn í gildi. Ítrekað er að alþjóðalög um mannréttindi og mannúð gildi einnig á átakasvæðum og hernumdum svæðum, ekki síst réttur flóttamanna til að snúa aftur til síns heima. Aðildarríki eru hvött til að vinna gegn glæpasamtökum sem hagnast á neyð flóttafólks og sérstaklega gegn þrælasölu í Líbíu. Minnt er á að alþjóðalög banna að flóttafólki sé vísað aftur til síns heima ef ástæða er til að ætla að það sæti

ofsóknum í heimalandi sínu. Þjóðþing aðildarríkja ÖSE eru hvött til þess að nýta siðareglur sínar til að vinna gegn hatursorðræðu gegn fólki af ákveðnum kynþáttum, trú eða þjóðerni. Einnig eru þingin hvött til þess að leita til lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (e. *ODIHR*) sem álitsgjafa varðandi það hvort ný lög séu í samræmi við skuldbindingar ríkjanna samkvæmt Helsinki-lokagerðinni.

Ályktanir nefndanna voru samþykktar á þingfundum ÖSE-þingsins og auk þess voru til viðbótar samþykktar 16 aukaályktanir, en saman mynda þær Berlínaryfirlýsinguna. Á meðal aukaályktana voru tvær um Rússland, önnur um mannréttindabrot í Rússlandi og hin um mannréttindabrot á Krímskaga. Í ályktun um mannréttindabrot í Rússlandi, sem lögð var fram af Margaretu Cederfelt frá Svíþjóð, eru rússnesk stjórnvöld hvött til þess að setja lög gegn hatursglæpum og verja fórnarlömb ofbeldis, sérstaklega þá sem verða fyrir árásum vegna kynhneigðar sinnar eða kynímyndar. Þá eru rússnesk yfirvöld hvött til að framfylgja skuldbindingum sínum samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu með því að rannsaka árásir og ógnir við öryggi mannréttindafrömuða í Rússlandi og einnig hvött til þess að afnema sérstök lög um frjáls félagasamtök sem starfa í þágu erlendra aðila. Í ályktuninni er sérstaklega minnst á ofsóknir gegn hinsegin fólki í Tsjetsjeníu á árinu 2017. Fulltrúar þingmannanefndar Rússa töluðu ítrekað gegn aukaályktununum og sögðu þær m.a. innihalda staðreyndavillur og rangfærslur. Rússar beindu máli sínu einnig gegn Svíum og sögðu hatursorðræðu gegn múslimum og innflytjendum þar í landi vera áhyggjuefni og sömuleiðis uppgang nýnasista. Christian Holm Barenfeld, þingmaður frá Svíþjóð, sagði það engar fréttir að glæpamenn myndu í Svíþjóð. Hins vegar væru ofsóknir og mismunur gegn hinsegin fólki í Rússlandi studdar af stjórnvöldum. Rússneski þingmaðurinn Artem Turov sagði Rússland vera fjölmenningslegt land og benti á að í ritum flestallra trúarbragða væri hefðbundnum gildum um fjölskyldumynstur haldið á lofti. Rússland væri tilbúið að verja þessi gildi, sagði hann. Í umræðum sögðust þingmenn annarra landa uggandi um stöðu frjálsra félagasamtaka og hinsegin fólks í Rússlandi. Í umræðum um aukaályktun um mannréttindabrot á Krímskaga sagði Sergey Mamedov, þingmaður frá Rússlandi, rangt að tala um hernuminn svæði Úkraínu. Þessi landsvæði væru rússnesk og yrðu það burtséð frá ályktunum ÖSE-þingsins eða annarra stofnana. Á Krímskaga væri uppgangur í efnahagslífinu og 60% hækkun hefði orðið á launum auk þess sem eftirlaun hefðu verið tvöfölduð. Báðar voru ályktanirnar samþykktar með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða.

Í umræðum um ályktun um baráttu gegn kynbundnu ofbeldi tók Guðmundur Andri Thorsson til máls og sagði frá vinnu Alþingis við að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni og ofbeldi innan þingsins. Hann sagði frá því hvernig íslenskar konur hefðu árið 2017 deilt sögum af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á netinu undir myllumerkinu *#MeToo*. Sögur kvenna í stjórn málefnum hefðu síðan orðið hvatinn að því að alþingismenn beindu sjónum sínum að kynferðislegri áreitni og ofbeldi á rakarastofuviðburði í þinginu. Í kjölfarið hefði einnig verið ráðist í endurskoðun á siðareglum þingmanna og bætt við þær klausum sem bönnuðu kynferðislega áreitni gagnvart öðrum þingmönnum, starfsfólki eða gestum þingsins. Guðmundur Andri sagði þessar breytingar hafa verið bæði tímabærar og nauðsynlegar. Aðrar aukaályktanir fjölluðu m.a. um baráttu gegn hryðjuverkum, málefni barna á flóttu, baráttu gegn hryðjuverkum og róttækni, áratuginn síðan stríðinu í Georgíu lauk, baráttu gegn mansali og aðgerðir gegn hatursorðræðu og stríðsáróðri.

Í lok ársfundar var George Tsereteli, þingmaður frá Georgíu, kjörinn forseti ÖSE-þingsins. Einnig voru sjálfkjörnir fjórir varaforsetar þingsins. Eftir fundinn verður yfirlýsing ársfundar send áfram til utanríkisráðherra og þjóðþinga aðildarríkjanna í þeirri von að hún hafi áhrif á ákvarðanir ráðherranefndar ÖSE og þar með pólitískar skuldbindingar aðildarríkja.

Samhliða ársfundinum sat Íslandsdeild hádegisverð um jafnréttismál í boði sérstaks fulltrúa um jafnréttismál, dr. Hedy Fry frá Kanada. Einnig fundaði Íslandsdeild með sendinefnd frá *Open Dialog Foundation* þar sem málefni Moldóvu og Kasakstans voru til umfjöllunar. Auk þess hélt Íslandsdeild hádegisverð fyrir landsdeildir Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu [www.oscepa.org](http://www.oscepa.org).